

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Sendandi: Innviðaráðuneytið
Dagsetning: 22.05.2023
Málsnúmer: IRN22100056
Bréfalykill: 9.1
Tilgangur: Til ákvörðunar Til upplýsingar
 Til undirritunar Skv. beiðni ráðherra

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur – dulið lögheimili

Ráðuneytið vísar til þeirrar umfjöllunar sem farið hefur fram í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur, sjá **Þingskjal 1399 – 895. mál**, sem er til meðferðar hjá nefndinni.

Með lögum nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur kom fram sú nýjung í íslenskum rétti að hjónum var gefinn kostur á því að eiga sitt hvort lögheimilið. Ákvæðið er að finna í 1. mgr. 5. gr. laganna og er svohljóðandi: „*Hjón eiga sama lögheimili. Hjónum er þó heimilt að skrá það hvort á sínum staðnum.*“ Hugmyndin að baki ákvæðinu var að koma til móts við hjón þar sem annar makinn bjó erlendis og þurfti starfs síns vegna að hafa lögheimili sitt á erlendri grundu. Reglur um aðsetur ættu að koma til skjalanna ef hjón þyrftu að búa aðskilin innanlands vegna atvinnu, veikinda eða annarra atvika. Hins vegar er ekki gerður greinarmunur á því í lögnum og frumvarpinu sem varð að lögum hvort hjón vilji hafa sitthvort lögheimili innanlands eða utanlands, sbr. umfjöllun í athugasemdum með 1. mgr. 5. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 80/2018, sjá **Þingskjal 459 – 345. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018**, en þar kemur fram að:

„*Hjúskaparlögin ganga út frá samvistum hjóna á sameiginlegu heimili og að þau beri jafna ábyrgð á sameiginlegu heimilishaldi sínu. Það telst þó ekki samrýmast nútímaháttum að banna hjónum sem það vilja að þau hafi hvort sitt lögheimilið. Af ýmsum ástæðum eru hjón ekki alltaf í aðstöðu til að eiga sama lögheimili eða beinlínis kjósa að eiga ekki sama lögheimili. Aukin atvinnuþátttaka kvenna, jafnréttissjónarmið, ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu, alþjóðavæðing og ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið um fjórfrelsið, einkum frjálsa fólksflutninga og frjálsa flutninga launþega, styðja áðurgreinda breytingu. Er það sömuleiðis ekki talið samrýmast ákvæðum 65. gr. stjórnarskrárinnar að skylda hjón til að eiga sameiginlegt lögheimili sem og 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar. Tillaga þessi tekur auk þessa mið af þingsályktun Alþingis frá 7. september 2016.*“

Uppsetning 1. mgr. 5. gr. er með þeim hætti að í fyrsta málslið er að finna meginregluna og í öðrum málslið heimildina. Sé 2. málsliður 1. mgr. 5. gr. laganna lesinn einn og sér er mögulegt að draga þá ályktun að hjónum sé almennt heimilt að skrá lögheimili sitt hvort á sínum stað án samþykkis hins maka. Hins vegar þarf að horfa til þess að lögin voru samin með hliðsjón af meginreglu hjúskaparlaga nr. 31/1933, en lögin gilda um hjúskap tveggja einstaklinga. Í 2. og 3. gr. laganna er gengið út frá samvistum hjóna á sameiginlegu heimili og samábyrgð þeirra. Þar kemur fram að hjón séu í hvívetna jafnréttthá í hjúskap sínum og beri jafnar skyldur hvort gagnvart öðru og börnum sínum. Þeim beri að sýna hvort öðru trúmennsku, styðja hvort annað og gæta sameiginlega hagsmuna heimilisins og fjölskyldu o.fl. Þannig ganga hjúskaparlögin út frá samvistum hjóna á sameiginlegu heimili og að þau beri jafna ábyrgð á sameiginlegu heimilishaldi sínu. Í athugasemd með 1. mgr. 5. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 80/2018, sjá **Þingskjal 459 – 345. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018**, kemur fram að hjónin þurfi bæði að vera sammála um fyrirkomulagið og að þau þurfi bæði að undirrita

tilkynningu um breytt lögheimili. Um er að ræða megin lögskýringargagn sem notað yrði við að túlka ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna fyrir dómi auk þess sem greinargerðin er í samræmi við meginreglur hjúskaparlaga nr. 31/1993. **Er það mat ráðuneytisins að miðað við núverandi lagaramma geti hjón ekki fengið sitthvort lögheimili nema bæði samþykki flutninginn.**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur, **sjá þingskjal 1399 – 895. mál**, sem er til meðferðar hjá nefndinni, gerir ráð fyrir að gera lög um lögheimili og aðsetur skýrari hvað ofangreint snertir. Þannig er gert ráð fyrir því að skilyrði fyrir samþykki beggja verði sett inn í sjálfan lagatextann en undanþága verði veitt þegar um heimilisofbeldi er að ræða. Ráðuneytið fer þess á leit við þingið að það hraði meðferð málsins eins og kostur er, en frumvarpið var sent Alþingi með ósk um skjóta meðferð í ljósi þeirra mikilvægu hagsmuna sem það snýr að.